

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 31

Dags. 3.12.2007

Umhverfis- og skipulagsnefnd, fundur nr. 31

Fundur haldinn í Kjarna 3. des. 2007 kl. 11:00

Fundargerð skráð í tölvu.

Mætt eru Sigurður Skúlason, Þórunn Jónsdóttir, Helgi Hallsson, Ragnar Bjarnason og Guðrún Tryggvadóttir. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

Formaður setti fund.

1. Fjárhagsáætlun 2008.

07 Brunamál og almannavarnir.

Minnt er á nýgerðan samning um samstarf á sviði brunamála. Lagt er til að veitt verði 500 þús. til þeirra mála en útgjaldabörf vegna samstarfsins liggur þó ekki fyrir enn sem komið er.

08 Hreinlætismál.

Nefndin telur eðlilegt að gjaldskrá sorpgjalda hækki sem nemur u.þ.b. 10%. Ástæður eru þær að kostnaður er enn verulega umfram tekjur.

Þá mælir nefndin með að gjaldskrá fyrir hundahald hækki um 10% en gjaldskráin hefur staðið óbreytt frá 2004.

09 Skipulags og byggingarmál.

4411. Lagt er til að liðurinn lækki úr 707 þús í 207.

47 Fráveita.

Lagt er til að gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa hækki um 5% milli ára sem er í samræmi við verðlagsþróun.

11 Umhverfismál.

1134 Þjóðlendur. Nauðsynlegt er að setja tekjur og gjöld á liðinn.

2. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar S-Þingeyinga frá 26. okt. 2007, 6. liður. (Arnstapi).

Vegna afgreiðslu nefndarinnar á 6. lið bókaði umhverfis- og skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar eftirfarandi með samráði með tölvupósti:

Í fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar Suður-Þingeyinga frá 26. október var eftirfarandi bókun:

„200709137 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 7 við Arnstapa, Þingeyjarsveit Geir Guðmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús. Húsið er timburhús 75,5 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Árna Gunnari Kristjánssyni.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins og óskar jafnframt eftir umsögn Umhverfis- og skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar.“

Ástæður bókunar Byggingar- og skipulagsnefndar eru eftirfarandi:

Sótt er um leyfi fyrir frístundahúsi á lóð nr. 7 við Arnstapa. Húsið er ósköp venjulegt og hóflegt frístundahús en er ekki fyllilega í samræmi við deiliskipulag. Í deiliskipulagi segir að þakhalli megi vera 25-30 gráður en teikning sýnir hinsvegar 34gráðu halla. Hæð frá aðalgólfi og upp á mæni má vera 4,6 metrar en er á teikningu 4,8 metrar.

Þar sem frávik frá skilmálum eru afar lítil, samþykkir umhverfis- og skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar að byggingafulltrúi í samráði við landeiganda framkvæmi grenndarkynningu og tilkynni sveitarstjórn um niðurstöður.

3. Erindi Bergljótar Þorsteinsdóttur vegna fyrirhugaðrar byggðar í landi Skóga, dags. 9.11. 2007.

Borist hefur erindi frá eigendum Skóga í Fnjóskadal þar sem óskað er eftir álitum vegna fyrirhugaðrar byggðar í landi Skóga norðan við áður skipulagða frístundabyggð sem nú er að fullu nýtt. Þá er óskað eftir álitum á blandaðri byggð (frístundahúsa og íbúðarhúsa) á þessu svæði.

Nefndin tekur jákvætt í skipulagsuppdrátt sem erindinu fylgir (dags. 9.11. 2007 gerð af Búnaðarsambandi Eyjafjarðar). Það er álit nefndarinnar að blönduð byggð komi til greina neðan vegar en frístundabyggð ofan vegar.

4. Aðalskipulagsgerð.

Borist hafa ný drög að verkáætlun vegna aðalskipulagsgerðar Þingeyjarsveitar frá Hornsteinum. Nefndin mun óska eftir fundi með Gauki Hjartarsyni, skipulagsfulltrúa, þar sem farið verði yfir stöðu mála.

5. Önnur mál.

a) Sorpmál.

Nefndinni er áhyggjuefni hversu umfang sorps í Þingeyjarsveit sem og víðar fer vaxandi. Af því hlýst aukinn kostnaður og umhverfisvandi. Nefndin telur nauðsynlegt að Sorpsamslag Þingeyinga í samstarfi við sveitarfélögin gangist fyrir fræðslu meðal íbúanna um meðferð og förgun sorps.

Fleira ekki gert
fundi slitið

Sigurður Skúlason,
Þórunn Jónsdóttir,
Helgi Hallsson
Ragnar Bjarnason
Guðrún Tryggvadóttir